

RÍKISENDURSKOÐUN

Hafrannsóknastofnun

Mannauður, innkaup og
upplýsingatækni

Stjórnsýsluúttekt



Skýrsla til Alþingis

Mars 2025

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Inngangur..... | 3 |
| Niðurstöður..... | 4 |
| Ábendingar | 7 |
| Ábendingar til Hafrannsóknastofnunar | 7 |
| Ábending til matvælaráðuneytis | 8 |
| Umsagnir og viðbrögð | 9 |
| 1 Skipulag og mannauður | 11 |
| 2 Innkaup Hafrannsóknastofnunar | 16 |
| 2.1 Innkaupastefna og önnur viðmið | 19 |
| 2.2 Útboð árin 2019–2023 | 21 |
| 2.2.1 Horfir til betri vegar | 23 |
| 2.3 Eftirlit og stefna matvælaráðuneytis | 24 |
| 2.4 Innra eftirlit og innri endurskoðun | 26 |
| 3 Upplýsingatækni og útvistun verkefna | 28 |
| 3.1 Samningur um útvistun..... | 29 |
| 3.1.1 Kostnaður við rekstur upplýsingatækni..... | 32 |
| 3.2 Stafrænum umbótum seinkar..... | 35 |

Inngangur

Í júní 2024 ákvað Ríkisendurskoðun, á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, að hefja að eigin frumkvæði stjórnsluúttekt á stöðu mannauðsmála, innkaupum og rekstri upplýsingatækni Hafrannsóknastofnunar. Ríkisendurskoðun ákvað að ráðast í úttektina að lokinni forkönnun á rekstri upplýsingatæknikerfa stofnunarinnar sem lauk í sama mánuði. Ríkisendurskoðun tilkynnti Hafrannsóknastofnun og matvælaráðuneyti þann 15. ágúst 2024 að ráðist yrði í úttektina. Í henni er leitast við að svara eftirfarandi meginspurningum:

- ✓ Hvaða áskorunum hefur Hafrannsóknastofnun mætt í mannauðsmálum á undanförunum árum og hefur hún leyst þær?
- ✓ Hvernig var innkaupum stofnunarinnar yfir viðmiðunarfjárhæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup háttað árin 2019–2023?
- ✓ Var jafnræðis, hagkvæmni og gagnsæis gætt við innkaup stofnunarinnar á tímabilinu?
- ✓ Hver var kostnaður stofnunarinnar vegna reksturs upplýsingatækni árin 2019–2023?
- ✓ Réðst stofnunin í kostnaðar- og þarfagreiningu áður en hún samdi um úthýsingu verkefna á sviði upplýsingatækni?

Við vinnslu úttektarinnar var m.a. höfð hliðsjón af lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, reglugerð nr. 360/2022 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna opinberra innkaupa, reglugerð nr. 895/2024 um fyrirkomulag innkaupa ríkisins, sem og innkaupastefnu ríkisins.

Ríkisendurskoðun aflaði gagna hjá og fundaði með Hafrannsóknastofnun, matvælaráðuneyti og Fjársýslunni. Hafrannsóknastofnun og ráðuneytið fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Viðbrögð þeirra við ábendingum Ríkisendurskoðunar eru að finna í kaflanum „Umsagnir og viðbrögð“. Ríkisendurskoðun þakkar öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð.

Niðurstöður

Starfsfólk Hafrannsóknastofnunar hefur þurft að aðlagast miklum breytingum undanfarin ár sem varða m.a. skipulag, aðbúnað og verkefni stofnunarinnar. Árið 2019 sætti stofnunin hagræðingarkröfum og þurfti að grípa til aðgerða sem töluverður styr stóð um. Skipurit og samsetning framkvæmdastjórnar hafa tekið tíðum breytingum og óánægja með starfsskilyrði komið upp sem m.a. má rekja til starfsaðstæðna í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Hafnarfirði.

Kannanir hafa sýnt að vinnustaðamenning Hafrannsóknastofnunar stendur höllum fæti og hefur stofnunin leitað aðstoðar fagaðila til að vinna bragarbót á því. Stofnunin hefur sett sér markmið um að efla og styrkja jákvæða og hvetjandi vinnustaðamenningu. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að láta ekki undir höfuð leggjast að taka á málum sem krefjast tafarlausra aðgerða á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Hafrannsóknastofnun þarf einnig að halda áfram á þeirri vegferð að styrkja innra eftirlit stofnunarinnar. Til að tryggja sem best skipulag og virkni þess er mikilvægt að stofnunin endurmóti og innleiði eftirlitsaðgerðir á grundvelli skjalfestrar stefnu og verklags og viðeigandi áhættumats. Þá er mikilvægt að tryggja viðeigandi formfestu, skýrslugerð og upplýsingagjöf ásamt því að innleiða reglulegar prófanir á virkni eftirlitsaðgerða. Stofnunin þarf jafnframt að innleiða innri endurskoðun sem felur í sér kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttastofnunarinnar.

Innkaup í bága við lög

Vinna við setningu núgildandi innkaupastefnu Hafrannsóknastofnunar hófst í október 2022 þegar stjórnendum varð ljóst að slíka stefnu var ekki að finna í gæðahandbók stofnunarinnar. Vinna við setningu núgildandi leiðbeininga um innkaup Hafrannsóknastofnunar hófst einnig sama ár. Þágildandi gæðahandbók stofnunarinnar innihélt engar skriflegar leiðbeiningar, verklagsreglur eða önnur viðmið varðandi framkvæmd innkaupa.

Hafrannsóknastofnun getur ekki svarað því hvernig stofnunin tryggði virkt innra eftirlit með innkaupum og samningagerð árin 2019–2022. Óljóst er hversu lengi stjórnendur og aðrir starfsmenn studdust ekki við skrifleg viðmið um framkvæmd innkaupa. Skortur er á gögnum um hvort innkaupagreining var framkvæmd í fjölmörgum verkefnum og þar af leiðandi hvort þau voru skilgreind og afmörkuð og hvort ráðist var í verðsamanburð. Af þeim sökum liggja forsendur ákvarðana við innkaup ekki fyrir eða hvort viðeigandi ráðstafanir voru gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og til að tryggja jafnræði. Stofnunin fullyrðir að innkaupagreining sé hluti af verklagi hennar í dag þar sem innkaup séu flokkuð í útboðsskyld verkefni og tilboðsskyld.

Hafrannsóknastofnun ber að ráðast í útboð í samvinnu við Fjársýsluna við öll innkaup á vörum, þjónustu og verkum yfir viðmiðunarfjárhæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og reglum settum á grundvelli þeirra. Stofnunin býr ekki yfir upplýsingum um hversu oft hún framkvæmdi útboð við innkaup sín árin 2019–2022. Þá getur stofnunin ekki svarað í hve mörgum tilfellum innkaup voru yfir viðmiðunarfjárhæðunum og hefðu þ.a.l. átt að fara fram með útboði.

Stofnunin hefur ekki upplýsingar um hvaða innkaupaaðferðum var beitt við öll innkaup á tímabilinu þar sem samanlagt virði viðskipta var yfir viðmiðunarfjárhæðum. Að auki getur stofnunin ekki svarað hvernig hún tryggði frá ársbyrjun 2019 og fram á mitt ár 2021 að hagkvæmni væri gætt við innkaup undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum og að samanburður væri gerður meðal sem flestra fyrirtækja.

Hafrannsóknastofnun vanrækti í mörgum tilvikum lögbundna skyldu sína um að tryggja jafnræði og gagnsæi í innkaupum, sem og hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni. Stofnunin býr ekki yfir fullnægjandi upplýsingum um hvernig innkaupum hennar var háttað og því er ómögulegt að meta hversu oft framkvæmd þeirra var á skjön við ákvæði laga um opinber innkaup. Aftur á móti er ljóst að innkaup stofnunarinnar árin 2019–2023 voru ekki ávallt í samræmi við gildandi lög og reglur um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins.

Mikilvægt er að Hafrannsóknastofnun tryggi virkt eftirlit með fylgni við verklagsreglur og önnur viðmið um innkaup. Ýmis dæmi eru um að stjórnun skjala um innkaup og varðveislu þeirra hjá stofnuninni sé ábótavant. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að sett verði fyrirmæli í verklagsreglum um innkaup er varða skjalastjórnun og varðveislu innkaupagagna og verðkannana.

Stofnunin hefur á undanförunum árum lagt talsverða vinnu í mótun faglegra og skilvirkara verklags um innkaup. Í svörum kom fram að stofnunin hafi sett sér markmið um að bæta verklagið enn frekar, sem og innra eftirlit með innkaupum. Mikilvægt er að stofnunin geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum við að haga innkaupum í samræmi við þá meginstefnu sem stjórnvöld hafa sett og birtast í lögum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins.

Sértækar aðgerðir til skoðunar

Hafrannsóknastofnun er undirstofnun matvælaráðuneytis (áður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 2012–2021). Ráðuneytum Stjórnarráðsins er ætlað veigamikið hlutverk við að stjórna, samræma og hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana, þ. á m. útgjöldum þeirra. Samkvæmt 20. gr. laga um opinber fjármál skal hver ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára.

Til stóð að innkaupastefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (nú matvælaráðuneytis) yrði endurskoðuð fyrir árslok 2020 og stofnunum ráðuneytisins þá sett ný markmið. Það er mat matvælaráðuneytis að eftir setningu gildandi innkaupastefnu ríkisins árið 2021 hafi ekki reynst þörf á að endurskoða eða setja nýja stefnu ráðuneytisins. Þar er nú til skoðunar hvort þörf sé á sértækum aðgerðum fyrir stofnanir ráðuneytisins til viðbótar við hina sameiginlegu stefnu ríkisins og aðrar áherslur í ríkisrekstri.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að matvælaráðherra bar samkvæmt 20. gr. laga um opinber fjármál að setja stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á sem innihéldi m.a. áherslur við innkaup. Ljóst er að slík stefna og innkaupastefna ríkisins voru ekki hluti af reglulegum samskiptum ráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar árin 2019–2023, t.d. við árangursmat. Ríkisendurskoðun telur þetta óásættanlegt þegar hugað er að fjárhagslegu umfangi innkaupanna, kröfum um eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnana og markmiðum gildandi laga og innkaupastefnu ríkisins.

Samkvæmt ráðuneytinu hefur það fram til þessa lagt áherslu á að fylgjast með stærri fjárfestingum og fjárútlátum stofnana sinna og hefur eftirlit ráðuneytisins með innkaupum þeirra tekið mið af þeirri forgangsröðun. Ráðuneytið geri kröfu um að farið sé að lögum sem og að góðir starfshættir í innkaupum séu viðhafðir.

Útvistun upplýsingatækni ekki boðin út

Hafrannsóknastofnun samdi í mars 2023 um útvistun á rekstri og notendabjónustu upplýsingatækni stofnunarinnar til einkafyrirtækis sem fól í sér umfangsmiklar breytingar. Staða kerfisstjóra og upplýsingatæknideild stofnunarinnar voru lögð niður samhliða. Samið var um útvistunina eftir að utanaðkomandi ráðgjafarfyrtæki komst að niðurstöðu um að ráðast þyrfti í breytingar. Stofnunin stæði frammi fyrir svokallaðri tækniskuld og hefði ekki mótað sér heildstæða stefnu í upplýsingatækni. Bæta þyrfti upplýsingaöryggi og yfirsýn og þekkingu stjórnenda á upplýsingatækni.

Hafrannsóknastofnun kannaði ekki hvort þjónustusamningurinn væri útboðsskyldur samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup og leitaði ekki annarra tilboða. Stofnuninni mátti þó vera ljóst að heildarvirði samningsins væri yfir þágildandi viðmiðunarfjárhæðum.

Stofnunin réðst hvorki í ítarlega þarfa- né kostnaðargreiningu áður en samningurinn var undirritaður. Stofnunin hefur sagt að kostnaður vegna breytinganna hafi reynst meiri en vonir stóðu til og að samningsstjórnun af hennar hálfu hafi verið ábótavant. Ríkisendurskoðun ítrekar að endanleg ábyrgð á framkvæmd samningsins liggur hjá stofnuninni.

Viðbúið var að kostnaður Hafrannsóknastofnunar myndi aukast fyrst um sinn vegna breytinganna og áskorana við að koma stofnuninni út úr áðurnefndri tækniskuld. Heildarkostnaður vegna reksturs upplýsingatækni hækkaði milli árána 2022 og 2023 eftir að hafa verið nokkuð áþekkur árin á undan. Kostnaðurinn nam alls 788,6 m.kr. árin 2019–2023 á verðlagi ársins 2024. Þar af nam fastur mánaðarlegur kostnaður á grundvelli þjónustusamningsins 40,8 m.kr. án virðisaukaskatts frá 1. mars 2023 til 1. september 2024. Heildargreiðslur Hafrannsóknastofnunar til fyrirtækisins á umræddu tímabili námu 109,7 m.kr. án virðisaukaskatts.

Hafrannsóknastofnun réðst í stefnumótunarvinnu í upplýsingatækni árið 2023 og lauk henni með setningu stafrænnar stefnu fyrir árin 2023–2025. Í stefnunni eru settar fram fjórar lykilvörður sem innihalda alls 31 aðgerð. Ríkisendurskoðun óskaði eftir yfirliti um stöðu og áætluð verklok aðgerðanna. Stofnunin getur ekki veitt þær upplýsingar en segir að verkefnið í heild sé á eftir áætlun. Ríkisendurskoðun ítrekar mikilvægi þess að stofnunin búi yfir nægri þekkingu og yfirsýn til að geta viðhaft virkt eftirlit með útvistun verkefna í upplýsingatækni.

Ábendingar

Ábendingar til Hafrannsóknastofnunar

1

Tryggja þarf að innkaup séu í samræmi við lög

Miðað við þá miklu fjárhagslegu hagsmuni ríkisins sem felast í innkaupum Hafrannsóknastofnunar þarf stofnunin að gefa þeim meiri gaum. Mikilvægt er að stofnunin geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og skyldum við að haga innkaupum í samræmi við þá meginstefnu sem stjórnvöld hafa sett og birtast í lögum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins.

2

Vanda þarf undirbúning og samningsstjórnun

Í aðdraganda innkaupasamninga þarf að fara fram ítarleg og skjalfest greining á því hvort ráðast þurfi í útboð á grundvelli laga um opinber innkaup. Hafrannsóknastofnun þarf að gæta að markmiðum laganna og reglna settum samkvæmt þeim við öll innkaup, s.s. um jafnræði, gagnsæi og hagkvæmni og sinna samningsstjórnun sem skyldi.

3

Bæta þarf skjalastjórnun og varðveislu innkaupagagna

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að sett verði fyrirmæli í verklagsreglum stofnunarinnar um innkaup er varða stjórnun skjala um innkaup og varðveislu innkaupagagna og verðkannana. Óásættanlegt er að stofnunin búi ekki yfir upplýsingum um hvaða innkaupaaðferðum hún hefur beitt.

4

Styrkja þarf innra eftirlit og innleiða innri endurskoðun

Hafrannsóknastofnun þarf að vinna áfram að því að styrkja innra eftirlit stofnunarinnar. Mikilvægt er að stofnunin endurmóti og innleiði eftirlitsaðgerðir á grundvelli skjalfests verklags og viðeigandi áhættumats með hliðsjón af stefnu þar um og innleiði eftirlitsaðgerðir á grundvelli hennar. Þá þarf stofnunin að innleiða innri endurskoðun sem felur í sér kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna stofnunarinnar.

5

Yfirsýn og þekking á upplýsingatækni verði aukin

Stofnunin þarf að tryggja fullnægjandi yfirsýn stjórnenda og þekkingu starfsfólks er varðar lykilverkefni hennar í upplýsingatækni svo að stofnunin geti sinnt virku eftirliti með útvistun verkefna í upplýsingatækni.

Ábending til matvælaráðuneytis

6

Tryggja þarf hlítni við lög og virkt eftirlit

Matvælaráðuneyti þarf að sinna virku og auknu eftirliti með því að stofnanir þess taki mið af innkaupastefnu ríkisins, lögum um opinber innkaup og reglum settum á grundvelli þeirra. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að ljúka sem fyrst athugun sinni á því hvort þörf sé á sértækum aðgerðum og hvernig bæta megi framkvæmd innkaupa undirstofnana.

Umsagnir og viðbrögð

Viðbrögð Hafrannsóknastofnunar

„Hafrannsóknastofnun fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni. Eins og fram kemur í skoðuninni þarf að bæta enn frekar innra eftirlit stofnunarinnar en gert hefur verið á undanförunum misserum. Í því skyni verða/-ur í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar:

- Settar formlegar reglur um hvaða upplýsingar skuli skrá í núverandi verkefnastjórnunarkerfi sem innkaupaverkefni eru rekin í. Verklök mars 2025.
- Settar formlegar reglur um skjalastjórnun og varðveislu innkaupagagna og verðkannana. Verklök mars 2025.
- Settar formlegar reglur um viðmið í innkaupum í samræmi við þá meginstefnu sem stjórnvöld hafa sett og birtast í almennum leiðbeiningum, viðmiðum um góða starfs hætti, lögum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins. Verklök mars 2025.
- Núverandi verklag fest í reglur sem verða samningsstjórnun og ábyrgð aðila skýrt skilgreind og kynnt innan stofnunar. Verklök apríl 2025.
- Kannað með hvaða hætti innri endurskoðun verður komið á fyrir stofnunina, sem rúmast innan fjárhagsramma hennar. Verklök október 2025.
- Lokið við að ljúka endurskoðun samnings við núverandi þjónustuaðila um rekstur og notendapjónustu í upplýsingatækni. Vinna hefst nú þegar við að bjóða þjónustuna út á árinu 2025. Verklök febrúar 2025.
- Skipulagi og skipuriti í upplýsingatækni hefur verið breytt. Unnið er að því að festa skipulagið í sessi þannig að yfirsýn og þekking til að stýra þessum málaflokki sé fullnægjandi. Sífelluverkefni.

Hafrannsóknastofnun tekur undir ábendingar sem koma fram í skýrslunni sem lúta að skipulagi og mannauði og áréttar að hún muni vinna markvisst að áframhaldandi úrbótum í samræmi við þær.

Stofnunin er markvisst að vinna í mannauðsmálum og hefur t.a.m. eftt það svið til muna með sérfræðingum í þeim málaflokki. Unnið hefur verið markvisst í úrbótum sem lúta að kerfum, starfsumhverfi, aðgengi upplýsinga og vinnustaðamenningu og mun sú vinna verða sífelluverkefni. Menningarvegferðin styður vel við markmið okkar og hefur leitt til fjölda úrbótaverkefna, í samráði við starfsmenn stofnunarinnar, sem miða að því að styrkja og efla jákvæða og hvetjandi vinnustaðamenningu. Horft er markvisst til laga nr.46/1980 um aðbúnað, hollustu- hætti og öryggi á vinnustöðum þar sem m.a. verklag um EKKO er til sérstakrar endurskoðunar með fagaðilum.“

Viðbrögð matvælaráðuneytis

„Í skýrsludrögum Ríkisendurskoðunar eru settar fram sex ábendingar, þ.m.t. ein sem beinist sérstaklega til ráðuneytisins. Nánar tiltekið kemur fram í ábendingunni til ráðuneytisins:

Tryggja þarf hlítني við lög og virkt eftirlit. Matvælaráðuneytið þarf að sinna virku og auknu eftirliti með því að stofnanir þess taki mið af innkaupastefnu ríkisins, lögum um opinber innkaup og reglum settum á grundvelli þeirra. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að ljúka sem fyrst athugun sinni á því hvort þörf sé á sértækum aðgerðum og hvernig bæta megi framkvæmd innkaupa undirstofnana.

Ráðuneytið þakkar Ríkisendurskoðun ábendinguna og tekur undir mikilvægi þess að nýta þá fjármuni sem fara í innkaup ríkisaðila sem allra best til þess m.a. að auka hagkvæmni og gagnsæi.

Eins og fram kom í svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum Ríkisendurskoðunar er innkaupastefna ríkisins í gildi og tekur ráðuneytið mið af henni og þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Þá setur ráðuneytið stofnunum sínum árlega fjárveitingarbréf í samræmi við 28. gr. laga nr. 123/2015 þar sem sérstaklega er farið yfir stefnu málefnasviðs, fjárveitingar og framkvæmd stefnumiðaðrar áætlunar til þriggja ára. Stefnumótun fyrir hvert málefnasvið er þó að meginstefnu til sett fram og útfærð í fjármálaáætlun, þ.m.t. fyrir matvælaráðuneytið og stofnanir þess. Þar koma fram helstu áherslur, áhættuþættir, markmið og mælikvarðar. Með fjárveitingarbréfi sendir ráðuneytið stofnunum sínum yfirlit yfir áherslur í ríkisrekstri hvers árs og lagt fyrir þær að taka mið af þeim í rekstri sínum. Ráðuneytið mun hraða vinnu við athugun á sértækum aðgerðum vegna innkaupa stofnana þess eins og kostur er, m.a. í ljósi ábendinga Ríkisendurskoðunar.

Eftirlit ráðuneytisins með innkaupum stofnana

Ráðuneytið tekur einnig undir þann hluta ábendingarinnar er varðar mikilvægi eftirlits þess með stofnunum sínum, þ.m.t. að tekið sé mið af þeim lögum, reglum og stefnum sem gilda um innkaup þeirra.

Ráðuneytið vinnur náið með stofnunum sínum við gerð og samþykkt rekstraráætlana og hefur virkt eftirlit með fjárreiðum þeirra almennt. Ráðuneytið fundar m.a. reglulega með stofnunum sínum við undirbúning rekstraráætlana þar sem farið er yfir hagræna skiptingu og fjárheimildir auk þess sem farið er yfir stærri fjárfestingar og verkefni. Þá fer ráðuneytið yfir samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni sem þarfnast atbeina ráðherra samkvæmt 40. gr. laga nr. 123/2015. Í því sambandi er hins vegar rétt að geta þess að stofnunum ráðuneytisins er heimilt án atbeina ráðherra að gera samninga til eigi lengri en fimm ára um afmörkuð rekstrarverkefni, enda fari samanlögð árleg fjárskuldbinding vegna þeirra ekki umfram 15% af árlegri fjárveitingu til þeirra eða veltu þeirra stofnana sem fjármagnaðar eru með eigin tekjum, sbr. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015.

Samkvæmt framansögðu hefur ráðuneytið fram til þessa lagt áherslu á að fylgjast með stærri fjárfestingum og fjárútlátum stofnana sinna og hefur eftirlitið tekið mið af þeirri forgangsröðun. Ráðuneytið hyggst bregðast við ábendingu Ríkisendurskoðunar og auka eftirlit með innkaupum stofnana sinna. Ráðuneytið hefur nú fest fundi með stofnunum sínum tvisvar á ári m.a. með það markmið að rýna sameiginlega rekstur og innkaup þeirra. Þá bindur ráðuneytið vonir við að nýtt innkaupamælaborð Fjársýslunnar muni auka yfirsýn yfir innkaup ríkisstofnana og styrkja eftirlit ráðuneytanna með þeim. Það er hjálplegt fyrir ráðuneytið að fá rýni á verklag þess og verða ábendingar Ríkisendurskoðunar um það sem betur má fara teknar til greina.“


1 Skipulag og mannaúður

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sinnir fjölbreyttum verkefnum sem skilgreind eru í lögum [nr. 112/2015](#) um stofnunina. Við gildistöku laganna í júlí 2016 sameinaðist stofnunin Veiðimálastofnun og tók við verkefnum í ferskvatni, ám og vötnum landsins. Markmið laganna er að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lífandi auðlindum í hafi og ferskvatni og stuðla að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlindanna. Rannsóknar- og vöktunarverkefni eru lykilþættir starfseminnar en stofnunin gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki við ráðgjöf og umsagnir.

Höfuðstöðvar Hafrannsóknastofnunar voru fluttar til Hafnarfjarðar árið 2020 en stofnunin rekur einnig starfsstöðvar á Akureyri, Hvanneyri, Hvammstanga, Selfossi, Ísafirði og í Grindavík, Neskaupstað og Vestmannaeyjum. Þá rekur stofnunin rannsóknarskipið Árna Friðriksson HF 200 og er með annað skip, Þórunni Þórðardóttur HF 300, í smíðum til að taka við af Bjarna Sæmundssyni HF 30.

Samkvæmt skipuriti sem tók gildi í september 2024 skiptist starfsemi Hafrannsóknastofnunar í fjögur rannsóknarsvið, þ.e. botnsjársvið, uppsjársvið, umhverfissvið og ferskvatns- og eldissvið, tvö stoðsvið sem nefnast fjármál og upplýsingatækni annars vegar og mannaúður og miðlun hins vegar, auk skrifstofu forstjóra. Árin 2019–2023 var skipuritinu breytt tvisvar. Við breytingu árið 2019 var rannsóknarsviðum fækkað úr fimm í fjögur og stoðsviðum úr fjórum í tvö. Umhverfissvið stofnunarinnar var þá lagt niður en endurvakið aftur að frumkvæði núverandi forstjóra í ársbyrjun 2022. Stoðsviðum var þá fjölgað í þrjú en fækkað aftur í tvö við skipulagsbreytingar í september 2024.

Mynd 1.1 Skipurit Hafrannsóknastofnunar frá september 2024



Heimild: Hafrannsóknastofnun

Eftir breytingu skipuritsins í september 2024 sátu sjö manns í framkvæmdastjórn Hafrannsóknastofnunar, tvær konur og fimm karlar. Tíðar breytingar voru gerðar á samsetningu framkvæmdastjórnarinnar á tímabilinu sem hér er til skoðunar og einungis tveir núverandi stjórnendur sátu í henni í ársbyrjun 2019. Annar þeirra er forstjóri stofnunarinnar sem var skipaður í


embættið árið 2021. Hann hefur sér til ráðuneytis níu manna ráðherraskipaða ráðgjafarnefnd sem auk þess skal vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni. Nefndin fundar einu sinni á ári eða oftár eftir þörfum.

Atvinnuvegaráðherra og fyrirrennarar hans hafa ekki nýtt sér heimild 9. gr. laga um Hafrannsóknastofnun um að mæla nánar með reglugerð fyrir um starfsemi stofnunarinnar. Skipulag verkefna hennar er því nær alfarið háð ákvörðunum forstjóra hverju sinni.

Hjá Hafrannsóknastofnun störfuðu í lok árs 2023 205 starfsmenn í 196,4 stöðugildum og var meðalaldur þeirra 50 ár (sjá mynd 1.2). Starfsmönnum fækkaði töluvert milli árána 2019 og 2020 sem skýrist m.a. af uppsögnum vegna hagræðingaraðgerða. Fjölgun starfsmanna eftir 2020 skýrist m.a. af því að 9 stöðugildi fluttust frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og nýjum verkefnum stofnunarinnar vegna aukins umfangs fiskeldis hér á landi. Tæpur 2/3 hluti starfsfólks hefur aðsetur í höfuðstöðvunum og þar eru skrifstofur forstjóra og sviðsstjóra.

Ríkisendurskoðun bendir á að tölum um fjölda starfsmanna og stöðugilda í ársskýrslum Hafrannsóknastofnunar árin 2019–2023 ber ekki saman við sömu upplýsingar í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra. Stofnunin gat ekki veitt Ríkisendurskoðun upplýsingar um starfsmannaveltu árin 2019–2023.


Mynd 1.2 Þróun starfsmannafjölda og stöðugilda í árslok 2019–2023



Heimild: Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra.

Þegar Hafrannsóknastofnun sætti hagræðingarkröfum árið 2019 stóð töluverður styr innan hennar. Stofnunin tilkynnti þá að skipulagsbreytingar og uppsagnir sem ráðist var í sökum hagræðingar ættu að leiða til aukinnar skilvirkni og hagkvæmni. Samkvæmt árlegri könnun Sameykis um Stofnun ársins dróst starfsánægja umtalsvert saman í kjölfarið og var ráðgjafarfyrirtækið Gallup fengið til að framkvæma könnun á starfsánægju og vellíðan starfsfólks í lok árs 2020. Niðurstöður hennar voru jákvæðar fyrir stofnunina. Samhliða könnun á starfsánægju var ráðist í mat á ánægju með stjórnendum og var niðurstaðan sú að hún hefði aukist.


Mynd 1.3 Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar úr Stofnun ársins 2019–2023



Heimild: Sameyki

Samkvæmt Stofnun ársins stóð vinnustaðarmenning Hafrannsóknastofnunar höllum fæti árin 2019 til 2023. Árið 2023 hafnaði stofnunin í 126. sæti af 141 stofnunum ríkisins sem tóku þátt í könnuninni það ár og í 38. sæti af 45 í flokki stórra stofnanna.

Mynd 1.4 Samanburður á niðurstöðum úr könnuninni um Stofnun ársins árið 2023



Heimild: Sameyki

Húsnæði Hafrannsóknastofnunar við Fornubúðir í Hafnarfirði var sérhannað fyrir starfsemina. Ánægja með vinnuskilyrði jókst eftir opnun þess en ári seinna dró úr henni. Einkunn stofnunarinnar fyrir vinnuskilyrði í Stofnun ársins árið 2023 náði ekki meðaltalseinkunn allra stofnana ríkisins. Þar hlaut stofnunin einkunnina 3,78 sem er þó skör hærra en hún fékk fyrir sama þátt árið 2019. Hið sama má segja um stjórnun stofnunarinnar. Þrátt fyrir teikn á lofti um vaxandi ánægju þar um árin 2019–2022 dró úr henni og var einkunnin árið 2023 talsvert undir meðaltali allra stofnana. Einkunnir Hafrannsóknastofnunar það ár voru í öllum tilvikum nema einu (sveigjanleika vinnu) lakari hvort sem horft er til meðaleinkunnar allra stofnanna eða þeirra sem féllu undir skilgreiningu um stórar ríkisstofnanir Sameykis á hverjum tíma (sjá mynd 1.4).



Húsnæðið hafi ekki reynst nægjanlega vel

Leigusamningur um höfuðstöðvar Hafrannsóknastofnunar til 25 ára var undirritaður 8. febrúar 2018 og fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni var tekin í mars sama ár. Með flutningi í nýtt húsnæði var starfsemin á höfuðborgarsvæðinu sameinuð á einum stað. Húsnæðið hýsir ekki aðeins skrifstofur heldur einnig rannsóknarstofur og aðstöðu fyrir vísindamenn.

Að sögn Hafrannsóknastofnunar hefur húsnæðið ekki reynst nægjanlega vel. Að mati stofnunarinnar var frágangi ábótavant við afhendingu fasteignarinnar og hafa m.a. verið gerðar athugasemdir vegna loft-ræstingar, loftgæða, hljóðeinangrunar og leka utan frá. Þá eru dæmi um að starfsfólk hafi þurft að sinna störfum sínum í fjarvinnu yfir köldustu vetrardaga sökum lágs hitastigs í byggingunni.

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á mannauðsmál, m.a. vegna þess hve illa stofnunin kom út úr framangreindum könnunum. Stofnunin hlaut jafnlaunavottun árið 2021 og hefur sett sér jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Árið 2023 virkjaði stofnunin jafnframt lögbundna viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis (EKKO). Áhættumati starfa skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum var ekki lokið hjá stofnuninni í janúar 2025 en vinna stóð þá yfir.

Í ársbyrjun 2023 ákvað framkvæmdastjórn stofnunarinnar að greina skipulega tækifæri til úrbóta í mannauðsmálum. Greiningarvinna var unnin undir liðsinni ráðgjafarfyrtækisins Saga Competence og ákveðið var að ráðast í svokallaða menningarvegferð undir handleiðslu fyrirtækisins. Verkefnið var kynnt starfsfólki á fundi í maí 2024 og er fyrirhugað að það standi að minnsta kosti til ársins 2025 með aðkomu allra sviða stofnunarinnar, stjórnenda og starfsmanna. Vinnan hófst með gerð samskiptasáttamála, vinnustaðagreiningum og ýmiss konar handleiðslu og þjálfun. Tilgangur og markmið vegferðarinnar eru m.a. að efla og styrkja jákvæða og hvetjandi vinnustaðamenningu þar sem hver og einn starfsmaður fær notið sín í góðu samstarfi við aðra.

Auk þessa hefur verið hugað að fleiri aðgerðum og skilgreiningu á hlutverkum starfsmanna og stefnir stofnunin að því að bæta niðurstöður í könnuninni um Stofnun ársins samhliða því sem mældur verður árangur af menningarvegferðinni með ýmsum hætti.

Gögn sem Ríkisendurskoðun aflaði við úttekt þessa bera þess merki að stjórnendur Hafrannsóknastofnunar hafi ekki tekið mannauðsmál nægilega föstum tókum fram til ársins 2023. Stofnunin hefur ráðist í markvissar aðgerðir og standa vonir til að bætt verði úr framkvæmd mannauðsmála. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina áfram á þeirri vegferð og bendir á ábyrgð hennar að láta ekki undir höfuð leggjast að taka á málum sem krefjast tafarlausra aðgerða á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2 Innkaup Hafrannsóknastofnunar

Um innkaup ríkisins gilda einkum lög um opinber innkaup nr. 120/2016. Í 1. gr. laganna er vikið með skýrum hætti að þeim leikreglum sem íslensk stjórnvöld hafa leitast við að innleiða þegar innkaup ráðuneyta og stofnana ríkisins eru annars vegar. Þar er lögð áhersla á að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Þetta þýðir að allir sem hafa til þess hæfni og getu eigi að fá að keppa um viðskiptin og að stuðla skuli að faglegum og hagkvæmum innkaupum. Að auki hafa verið settar ýmsar reglugerðir um einstaka þætti málaflokksins.

Til þessara leikreglna er einnig vísað í gildandi [innkaupastefnu ríkisins](#) sem gefin var út af fjármála- og efnahagsráðuneyti í janúar 2021. Stefnan er ætluð til leiðbeininga fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir en hún hefur ekki lagalegt gildi. Aftur á móti er mælt til þess að aðilar leggi hana til grundvallar í innkaupum sínum. Efnisatriði innkaupastefnunnar hafa gildi stjórnsýslufyrirmæla sem felur í sér að hún er bindandi fyrir íslenska ríkið, ríkisstofnanir og forstöðumenn þeirra.

Fjársýslan (áður Ríkiskaup) hefur staðið fyrir kynningarstarfi um innkaupamál og samið leiðbeiningarit og handbækur fyrir þá sem að opinberum innkaupum koma. Þá gaf fjármála- og efnahagsráðuneyti, sem hefur yfirumsjón með opinberum innkaupum, árið 2020 út einfaldar og almennar [leiðbeiningar](#) um innkaup hins opinbera. Ráðuneytið gaf einnig út árið 2014 [viðmið um góða starfshætti](#) fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup. Markmið þeirra er að leiðbeina um hvernig beri að umgangast viðskiptavinum og komast hjá hagsmunarárekstrum. Viðmiðin eiga jafnframt að viðhalda trausti til opinberra innkaupa og tryggja jafnræði og samkeppni á markaði. Þar segir m.a. að innkaupastarfsmenn skuli sýna ábyrga hegðun með því að tryggja að ákvarðanir séu gagnsæjar og í samræmi við lög og innkaupastefnu ríkisins.

Við opinber innkaup þarf fyrst að kanna hvort umrædd vara eða þjónusta sé hluti af miðlægum samningum Fjársýslunnar (sjá mynd 2.1). Miðlægir samningar eru annað hvort rammasamningar eða gagnvirk innkaupakerfi. Með aðgangi að [samningskerfi Fjársýslunnar](#) er hægt að skoða vöruflokka og kjör rammasamninga og gagnvirkra innkaupakerfa.




Samningar við einn eða fleiri bjóðendur

Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup. Rammasamningur er samningur sem einn eða fleiri kaupendur gera við einn eða fleiri bjóðendur, í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili. Mikilvægt er fyrir opinbera aðila að kynna sér vel þá samninga sem eru í gildi á hverjum tíma því ef vara eða þjónusta er hluti af rammasamningi þarf að fylgja innkaupareglum hvers samnings.

Ef rammisamningur hefur verið gerður af Fjársýslunni fyrir hönd ríkisins er A-hluta stofnunar skylt að kaupa inn samkvæmt þeim og ættu verklagsreglur stofnana um innkaup að gera grein fyrir því. Innkaup á grundvelli rammisamninga jafngilda útboði og fara fram með annað hvort beinum kaupum eða örútbóði.

Mynd 2.1 Innkaupaferill Fjársýslunnar fyrir opinbera aðila



Ef vara eða þjónusta falla ekki innan miðlægra samninga þarf að kanna hvort heildarvirði fyrirhugaðra innkaupa sé yfir innlendum og erlendum viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup. Ef svo er skal ráðast í útboð, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup og reglugerð nr. 360/2022 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna opinberra innkaupa, og fylgja almennu innkaupaferli Fjársýslunnar. Kveðið er skýrt á um að innkaup skuli boðin út hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) fari andvirði eða verðmæti fyrirhugaðs samnings yfir umræddar fjárhæðir. Samkvæmt lögum er heimilt að breyta fjárhæðunum annað hvert ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs og breyttust þær í fyrsta sinn frá gildistöku laganna í febrúar 2018.



Viðmiðunarfjárhæðir á tímabilinu

Í febrúar 2018 voru viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands fyrir vöru- og þjónustusamninga 15,5 m.kr. og fyrir verksamninga 49 m.kr. Vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) voru fjárhæðirnar fyrir vöru- og þjónustusamninga 18.734.400 kr. og fyrir verksamninga 721.794.800 kr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands breyttust ekki fyrr en í mars 2022. Fjárhæðirnar voru frá þeim tíma 18.519.000 kr. fyrir vöru- og þjónustusamninga og 58.543.000 kr. fyrir verksamninga. Vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) voru fjárhæðirnar frá mars 2022 fyrir vöru- og þjónustusamninga 21.041.000 kr. og fyrir verksamninga 808.914.000 kr. Fjárhæðunum var síðar breytt, þ.e. í mars 2024 og janúar 2025.

Þegar fyrirhuguð innkaup eru undir viðmiðunarfjárhæðum laganna ber að gæta að hagkvæmni, samkeppni og jafnræði í samræmi við gildandi lög og reglur, en ekki með jafn formlegum hætti og í útboði. Það má gera t.d. með því að senda tölvupóst til fyrirtækja sem vitað er að selji viðkomandi þjónustu eða vöru eða með öðrum leiðum leita tilboða frá sem flestum seljendum og bera þau saman. Markaðshegðun opinberra kaupenda getur haft mikil áhrif á það hvort ný fyrirtæki nái fótfestu á markaði og efli þannig samkeppni.

Þegar áætlað virði verks er yfir viðmiðunarfjárhæð skal kaupandi nota eitt þeirra formlegu innkaupaferla sem tilgreind eru í lögum um opinber innkaup. Almenn útboð (einnig kallað opið útboð) er algengasta ferlið héraðs. Þar er öllum fyrirtækjum heimilt að leggja inn tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar. Lokað útboð er ferli sem er gjarnan notað í kjölfar forvals, ef gera má ráð fyrir mörgum mögulegum bjóðendum. Meginreglan er að nota þessi tvö innkaupaferli. Ekki má skipta innkaupaverkefni upp til þess að komast hjá útboði.

Innkaupaþjónusta Fjársýslunnar felur í sér almenna ráðgjöf vegna innkaupa, sem og samstarf við stofnanir um útboð. Ef innkaupagreining gefur til kynna að kaup opinberra aðila verði hugsanlega yfir viðmiðunarfjárhæðum ber þeim að senda inn verkbeiðni til Fjársýslunnar. Kaupandi skal gera innkaupagreiningu og áætlanir, undirbúa kaupin og framkvæma útboð í samstarfi við stofnunina. Til að stuðla að jafnræði og gagnsæi skulu útboð auglýst opinberlega á utbodsvefur.is sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur fyrir opinber útboð og opnaði um mitt ár 2015. Áhugasöm fyrirtæki gera þá skrifleg og bindandi tilboð. Að lokum ber kaupanda að sinna virkri samningsstjórnun og með henni tryggja að seljandi uppfylli skilyrði samnings.



Vöru- og þjónustukaup námu 6,5 ma. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti eru innkaup ríkisins á vörum, þjónustu og margvíslegum framkvæmdum yfir 200 ma. kr. á ári.

Í [fjármálaáætlun](#) stjórnvalda fyrir árin 2024–2028 kom fram að innkaup ríkisins skyldu byggð á skilgreindum markmiðum og greiningu gagna, væru framkvæmd á gagnsæjan hátt og stuðluðu að samkeppni og nýsköpun. Innkaupafólk ríkisins skyldi inna störf sín af hendi af þekkingu og heiðarleika. Samkvæmt fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra, námu vöru- og þjónustukaup Hafrannsóknastofnunar árin 2019–2023 um 6,5 mö. kr.

2.1 Innkaupastefna og önnur viðmið

Vinna við setningu núgildandi innkaupastefnu Hafrannsóknastofnunar hófst í október 2022 þegar stjórnendum stofnunarinnar varð ljóst að slíka stefnu var ekki að finna í gæðahandbók hennar. Stefnan var sett í febrúar 2023 og tekur til allrar starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendur uppgötvaðu síðar að eldri innkaupastefna var til á innri vef stofnunarinnar en að þeirra mati var hún ekki fullmótuð og hefði komið að litlu gagni við mótun núgildandi stefnu. Stofnunin gat ekki útvegað Ríkisendurskoðun afrit af eldri stefnunni.

Í innkaupastefnu Hafrannsóknastofnunar segir að starfsfólk skuli við innkaup fylgja lögum um opinber innkaup og að því beri að skilgreina aðföng og velja viðeigandi innkaupaaðferðir. Stefna stofnunarinnar sé m.a. að velja hagkvæmasta kostinn, að teknu tilliti til allra þátta sem máli skipta. Hafrannsóknastofnun kaupi inn vörur og þjónustu á gagnsæjan, skilvirkan og hagkvæman hátt með tilliti til innkaupastefnu ríkisins.

Samkvæmt innkaupastefnunni ber framkvæmdastjórn Hafrannsóknastofnunar ábyrgð á heildaráætlun rekstrarkostnaðar og forgangsröðun verkefna innan hennar. Hún ber jafnframt ábyrgð á heildaráætlun fjárfestinga og forgangsröðun verkefna innan hennar með tækjakaupalista.

Vinna við setningu núgildandi leiðbeininga um innkaup Hafrannsóknastofnunar hófst árið 2022. Þágildandi gæðahandbók stofnunarinnar innihélt engar skriflegar leiðbeiningar, verklagsreglur eða önnur viðmið varðandi framkvæmd innkaupa en endurskoðun á gæðahandbók m.t.t. innkaupaferla, þ.m.t. um fræðslu til starfsfólks, var þá hafin.



Viðmið innkaupastefnunnar

- Að horfa til umhverfisáhrifa, s.s. kolefnisspors, úrgangs og mengunar. Taka skal mið af umhverfisstefnu stofnunarinnar við innkaup.
- Að velja hagkvæmasta kostinn að teknu tilliti til allra þátta sem skipta máli og líftíma við greiningu og val á vöru eða þjónustu.
- Að verklagsreglur um innkaup og innkaupaaðferðir séu gagnsæjar og innkaup framkvæmd af þekkingu og fagmennsku.
- Að gæta jafnræðis milli þeirra aðila sem eiga viðskipti við stofnunina.
- Að samnýta aðföng innan stofnunarinnar, s.s. við birgðastjórnun.
- Að taka tillit til mannréttinda, heilbrigðis- og öryggissjónarmiða við innkaup.



Ber að tryggja hlítني við lög

Svið fjármála og upplýsingatækni Hafrannsóknastofnunar ber ábyrgð á innkaupum stofnunarinnar. Sviðsstjóri fjármála og upplýsingatækni gegnir hlutverki ábyrgðarmanns innkaupa. Samkvæmt 102. gr. laga um opinber innkaup ber ábyrgðarmanni að fylgjast með að innkaup séu í samræmi við gildandi lög og reglur um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins. Ábyrgð á innkaupum liggur þó endanlega hjá forstöðumönnum stofnana.

Leiðbeiningarnar voru samþykktar í framkvæmdastjórn Hafrannsóknastofnunar í júlí 2023 og tóku gildi samstundis. Í þeim segir m.a. að hlutverk starfsmanna sé að skilgreina þörf fyrir aðföng og taka þátt í að skilgreina eiginleika sértækra aðfanga, velja viðeigandi innkaupaaðferðir, framkvæma innkaup og panta aðföng. Innkaup skuli fara fram með útboði, tilboðsfyrirkomulagi eða samningum og að deild aðfanga og þjónustu innan sviðs fjármála og upplýsingatækni beri ábyrgð á að greina þarfir notenda, eiginleika vöru og þjónustu og miðla upplýsingum.

Við gagnabeiðni Ríkisendurskoðunar haustið 2024 uppgötvaðu stjórnendur Hafrannsóknastofnunar að eldri leiðbeiningar um innkaup, dagsettar árið 2016, var að finna í gagnagrunni eldri gæðahandbókar stofnunarinnar. Reglurnar voru ekki hafðar til hliðsjónar þegar vinna við setningu núgildandi innkaupaleiðbeininga fór fram.

Í ljósi þess að starfsemi Hafrannsóknastofnunar krefst þess að ráðist sé í sérhæfð innkaup, s.s. er varða rekstur hafrannsóknaskipa og rannsóknir á sjávarlífverum, telur Ríkisendurskoðun að verklagsreglur stofnunarinnar ættu að fela í sér ítarlegri kröfur en finna má í fyrrnefndum leiðbeiningum og öðrum viðmiðum stofnunarinnar. Ígrunda ætti að setja kröfur um innkaup fram sem verklagsreglur fremur en leiðbeiningar. Í þeim mætti t.d. fjalla með ítarlegri hætti um kröfur sem gerðar eru til eiginleika vöru/þjónustu, innkaupaform, samningagerð, mat á birgjum og um kröfur gildandi laga og reglna. Sem dæmi má nefna að í gildandi leiðbeiningum stofnunarinnar segir um vöru- og þjónustukaup að stofnunin feli eftir atvikum þriðja aðila að annast innkaup á sértækri vöru eða þjónustu. Þar þyrfti að lágmarki að nefna fjárhæðir sem stýra útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup og hvert eigi að leita með slík innkaup.

Hjá Hafrannsóknastofnun er litið á öll skrifleg viðmið um innkaup sem skyldubundnar verklagsreglur hvort sem þær eru settar fram sem eiginlegar kröfur eða almennar leiðbeiningar. Skjöl gæðahandbókar hennar eru í stöðugri þróun, þ.m.t. þau sem fjalla um innkaup. Stofnunin telur að fullyrða megi að nánast öll innkaup hennar fari nú í réttan farveg þó að enn megi finna dæmi um hið gagnstæða.

Hafrannsóknastofnun getur ekki svarað því hvernig stofnunin tryggði virkt innra eftirlit með innkaupum og samningagerð árin 2019–2022.

Óljóst er hversu lengi stjórnendur og aðrir starfsmenn studdust ekki við nein skrifleg viðmið um framkvæmd innkaupa. Mikilvægt er að stofnunin tryggi virkt eftirlit með fylgni við verklagsreglur og önnur viðmið um innkaup.

Það að bæði eldri innkaupastefna og eldri innkaupaleiðbeiningar gleymdust ber þess merki að stjórnun skjala um innkaup og varðveislu þeirra sé ábótavant. Einnig má leiða líkur að því að tíðar mannabreytingar innan framkvæmdastjórnar hafi átt þátt í að skjölin hurfu í gleymsku. Ríkisendurskoðun telur því að Hafrannsóknastofnun þurfi að endurskoða verklag um skjalastjórnun í gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar í víðara samhengi.

2.2 Útboð árin 2019–2023

Hafrannsóknastofnun ber líkt og öðrum A-hluta stofnunum ríkisins að ráðast í útboð í samvinnu við Fjársýsluna við öll innkaup á vörum, þjónustu og verkum yfir viðmiðunarfjárhæðum 23. gr. laga um opinber innkaup og reglum settum á grundvelli þeirra. Stofnunin býr ekki yfir upplýsingum um hversu oft hún framkvæmdi útboð við innkaup sín árin 2019–2022. Þá getur stofnunin ekki svarað í hve mörgum tilfellum innkaup voru yfir viðmiðunarfjárhæðunum og hefðu þ.a.l. átt að fara fram með útboði. Að auki hefur stofnunin ekki upplýsingar um hvaða innkaupaaðferðum var beitt í öllum innkaupum á tímabilinu þar sem samanlagt virði viðskipta var yfir viðmiðunarfjárhæðum.

Samkvæmt yfirliti frá Hafrannsóknastofnun um innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum við hennar stærstu birgja á tímabilinu réðst stofnunin í sumum tilvikum í útboð með aðstoð Fjársýslunnar

(áður Ríkiskaupa). Í öðrum var ráðist í *úrútbod* á grundvelli rammasamnings og í fáeinum tilfellum var notast við innkaupaaðferð sem stofnunin nefnir *samningskaup*. Samkvæmt stofnuninni er þar átt við innkaupaferli þar sem rætt er við fyrirtæki sem stofnunin hefur valið samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli og semur um skilmála samnings. Innkaupaaðferðinni sé einungis beitt þegar aðeins einn aðili getur framkvæmt þjónustu eða útvegað vöru, þegar um nýja þjónustu er að ræða eða þegar aðrir hafi ekki veitt fullnægjandi þjónustu. Stjórnendur hafi metið sem svo að ekki séu önnur ráð tæk. Ekki er að sjá að beiting umræddrar innkaupaaðferðar hjá Hafrannsóknastofnun hafi ávallt uppfyllt skilyrði 39. gr. laga um opinber innkaup um samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar.


Framangreint yfirlit Hafrannsóknastofnunar byggir ekki á ítarlegum og skrásettum upplýsingum um hvaða innkaupaaðferðum var beitt í öllum tilfellum. Stofnunin býr ekki yfir upplýsingum um hvort ráðist var í útbod eða tilboða leitað vegna fjölmargra verkefna yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup. Sem dæmi getur stofnunin ekki svarað hvaða aðferðir voru notaðar vegna sjö verkefna yfir þágildandi viðmiðunarfjárhæðum árið 2019. Þar á meðal er um að ræða kostnaðarsamasta verkefni ársins að fjárhæð 99,8 m.kr. á þágildandi verðlagi. Um er að ræða viðskipti við fyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Í mars 2023 samdi stofnunin við upplýsingatæknifyrirtækið Þekkingu – Tristan hf. (nú Wise), um rekstur upplýsingatækni stofnunarinnar án þess að leita annarra tilboða eða kanna hvort samningurinn væri útboðsskyldur. Um var að ræða útboðsskyld innkaupaverkefni yfir viðmiðunarfjárhæðum laganna (sjá kafla 3.1).

Ríkisendurskoðun ítrekar nauðsyn þess að í aðdraganda innkaupasamninga fari fram ítarleg og skjalfest greining á því hvort ráðast þurfi í útbod á grundvelli laga um opinber innkaup. Skortur er á gögnum hjá Hafrannsóknastofnun um hvort innkaupagreining var framkvæmd í fjölmörgum verkefnum og þ.a.l. hvort þau voru skilgreind og afmörkuð og hvort ráðist var í verðsamanburð. Forsendur ákvarðana við innkaup liggja því ekki fyrir og ekki heldur hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupum og tryggja jafnræði.

Stofnunin fullyrðir að innkaupagreining sé ávallt hluti af verklagi hennar í dag þar sem innkaup eru flokkuð í útboðsskyld verkefni og tilboðsskyld. Að því loknu séu skipaðir ábyrgðaraðilar einstakra innkaupa, haghópar myndaðir og tíma-mörk sett.

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að sett verði fyrirmæli í verklagsreglur stofnunarinnar um innkaup er varða skjalastjórnun og varðveislu innkaupagagna, verðkannana og greiningargagna.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni annaðist stofnunin alls 18 útboð fyrir Hafrannsóknastofnun á árunum 2019–2023. Í 13 tilfellum var um útboð vegna þjónustukaupa að ræða en í þremur tilfellum vegna vöru-/efniskaupa og í tveimur var um framkvæmdaverkefni að ræða. Í tveimur tilfellum leiddu útboð ekki til samninga um kaup á vörum eða þjónustu. Í 16 tilfellum var um almenn útboð að ræða, örútboð í einu tilfelli og í öðru tilfelli svonefnt DPS – útboð með gagnvirku innkaupakerfi.



Í flestum tilfella þegar Fjársýslan annaðist útboð fyrir Hafrannsóknastofnun var um viðskipti við útgerðir að ræða. Við svokölluð „röll“, þ.e. stofnmælingu fiskistofna, hefur leiga á skipum útgerða almennt verið boðin út í gegnum Fjársýsluna. Slík fyrirtæki voru á meðal stærstu birgja stofnunarinnar á tímabilinu. Í tilfellum þar sem um var að ræða innkaup byggð á örútboðum var oftast um að ræða kaup á olíu fyrir rannsóknaskip.

Innkaup gegna veigamiklu hlutverki í rekstri ríkisins og er mikilvægt að opinberir aðilar vandi til verka við undirbúning og framkvæmd þeirra. Þar sem Hafrannsóknastofnun leitaði ekki tilboða í fjölmörgum innkaupaverkefnum árin 2019–2023 tryggði stofnunin ekki hagkvæma notkun opinberra fjármuna né virti ákvæði laga um opinber innkaup um jafnræði og gagnsæi. Mörg dæmi eru um að innkaupaferli hennar hafi verið óskilvirk og ekki byggt á faglegum grunni.

2.2.1 Horfir til betri vegar

Ágallar við innkaup Hafrannsóknastofnunar hafa m.a. falist í skorti á verklagsreglum um innkaup sem og ófullnægjandi varðveislu á gögnum um innkaup. Stofnunin getur þannig ekki svarað hvernig hún tryggði frá ársbyrjun 2019 og fram á mitt ár 2021 að hagkvæmni væri gætt við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup og að samanburður væri gerður meðal sem flestra fyrirtækja.

Hafrannsóknastofnun hefur líkt og áður segir unnið að ýmsum úrbótum á undanförunum árum, s.s. innleitt nýja innkaupastefnu og endurskoðað verklag og önnur viðmið, m.a. til að tryggja þegar við á að stofnunin eigi viðskipti við birgja sem eru aðilar að rammastofningum.

Að sögn stofnunarinnar hóf hún á miðju ári 2021 að huga betur að því að leita tilboða í samræmi við viðmið þar um. Frá árinu 2023 hafi stofnunin markvisst unnið að því í samræmi við ákvæði laga um opinber innkaup. Í þeim tilfellum þar sem ekki séu gildandi rammásamningar milli birgja og Fjársýslunnar sé leitað tilboða hjá mismunandi mögulegum birgjum. Kærunefnd útboðsmála hefur úrskurðað í kærum á hendur kaupendum sem hafa keypt utan rammásamninga um að þeir séu skuldbindandi samkvæmt efni sínu. Samkvæmt upplýsingum á vef nefndarinnar barst henni engin kæra á hendur Hafrannsóknastofnun árin 2019–2023.

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförunum árum lagt talsverða vinnu í mótun faglegra og skilvirkara verklags um innkaup. Á fundum Ríkisendurskoðunar með stjórnendum stofnunarinnar og í skriflegum svörum hennar kom fram að stofnunin hafi sett sér markmið um að bæta verklagið enn frekar sem og innra eftirlit með innkaupum. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að vinna áfram á þeirri braut og tryggja að ákvæðum laga um opinber innkaup og tengdra reglugerða sé fylgt. Innkaup stofnunarinnar verði byggð á skilgreindum markmiðum og greiningu gagna og stuðli að samkeppni.

2.3 Eftirlit og stefna matvælaráðuneytis

Ráðuneytum Stjórnarráðsins er ætlað veigamikilið hlutverk við að stjórna, samræma og hafa eftirlit með rekstri einstakra ríkisstofnana, þ. á m. útgjöldum þeirra. Í 34. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál segir að hver ráðherra skuli hafa reglubundið eftirlit með fjárhag ríkisaðila í A-hluta sem stjórnarmálefnsviði hans tilheyra og bæði greina og bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Samkvæmt 20. gr. sömu laga skal hver ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnsvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Í stefnunni skal m.a. lýsa áherslum við innkaup.

Hafrannsóknastofnun er undirstofnun matvælaráðuneytis (áður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 2012–2021). Innkaupastefna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og stofnana þess var sett árið 2016 og endurskoðuð tveimur árum síðar. Í henni má finna mælanleg markmið sem áttu að stuðla að því að markmiðum eldri og þágildandi innkaupastefnu ríkisins yrði náð. Þar segir t.a.m. að frá og með árinu 2018 muni ráðuneytið og stofnanir þess bjóða út öll innkaup yfir fjárhæðarmörkum laga um opinber innkaup. Rammásamningar skuli notaðir við innkaup í þeim vöruflokkum sem slíkir samningar hafa verið gerðir. Þar sem ekki séu fyrir hendi samningar skuli ávallt viðhafa verðkönnun. Könnunin skuli vera skrifleg og varðveitt í málaskrá ásamt greiningu og samanburði. Þeir sem annist innkaup skuli vinna að hagkvæmum innkaupum eða bestu kaupum, þ.e. að besta mögulega niðurstaða fái að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings. Forstöðumenn stofnana og eftir atvikum innkaupastjórar þeirra skuli fylgja þeim markmiðum og leiðum sem í stefnunni eru markaðar, þróa verklagsreglur eins og við á og tryggja rétta framkvæmd.

Í innkaupastefnu ráðuneytisins segir að forstöðumenn stofnana skuli annast eftirlit með framkvæmd innkaupa. Þar sé m.a. átt við eftirlit með því hver pantar vörur eða þjónustu, hvað er pantað og hvort það sem pantað er skili sér. Forstöðumenn meti reglulega, eigi sjaldnar en á árs fresti, árangur af markmiðum innkaupastefnunnar og setji sér önnur markmið í framhaldi.

Til stóð að innkaupastefnan yrði endurskoðuð fyrir árslok 2020 og stofnunum ráðuneytisins þá sett ný markmið. Það er mat ráðuneytisins að eftir setningu gildandi innkaupastefnu ríkisins árið 2021 hafi ekki reynst þörf á að endurskoða eða setja nýja stefnu ráðuneytisins. Í umsögn ráðuneytisins um skýrslu þessa (sjá bls. 9) kemur þó fram að þar sé til skoðunar hvort þörf sé á sértækum aðgerðum fyrir stofnanir þess til viðbótar við hina sameiginlegu stefnu ríkisins og aðrar áherslur í ríkisrekstri. Ráðuneytið muni hraða þeirri vinnu eins og kostur er.

Í tengslum við gagnaöflun vegna úttektar þessarar sendi matvælaráðuneyti Ríkisendurskoðun skjal í nóvember 2024 sem ber heitið „Innkaupastefna matvælaráðuneytisins og stofnana þess“. Það heiti ráðuneytisins var tekið upp árið 2022 en gildandi innkaupastefna ríkisins var líkt og áður segir sett árið áður. Í skriflegu svari til Ríkisendurskoðunar í desember 2024 kom fram að ráðuneytið tæki mið af gildandi stefnu ríkisins en væri jafnframt með eigin innkaupastefnu í endurskoðun, m.t.t. þess hvort þörf væri á sértækum aðgerðum. Það var ekki fyrir en í umsagnarferli úttektarinnar í febrúar 2025 sem ráðuneytið upplýsti um þá afstöðu sína að ekki væri þörf á endurskoðun stefnunnar.

Aðspurt hvernig ráðuneytið sinnir eftirliti með innkaupum Hafrannsóknastofnunar svaraði það að stofnanir þess sendi afkomugreinargerðir fyrir hvern ársfjórðung um stöðu stofnunar miðað við bókhald ásamt skýringum á frávikum frá áætlun, ef einhver eru, og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim. Ráðuneytið fylgist með hvort frávik séu í einstaka liðum og hafi almennt virkt eftirlit með fjárreiðum stofnana sinna. Árlega sendi stofnanir ársskýrslu til ráðuneytisins vegna fyrra árs þar sem gerð sé grein fyrir rekstrarstöðu, fjárfestingum og ef frávik eru, árangur af settum markmiðum, framvindu áhersluverkefna, hvernig aðhaldi í rekstri er mætt og hvernig brugðist var við áherslum ríkisstjórnar í ríkisrekstri. Ráðuneytið geri kröfu um að farið sé að lögum sem og að góðir starfshættir í innkaupum séu viðhafðir. Í umsögn ráðuneytisins vegna skýrslu þessarar segir m.a.:

Samkvæmt framansögðu hefur ráðuneytið fram til þessa lagt áherslu á að fylgjast með stærri fjárfestingum og fjárútlátum stofnana sinna og hefur eftirlitið tekið mið af þeirri forgangsröðun.

Í svari matvælaráðuneytis var bent á að Fjársýslan vinnur nú að gerð mælaborðs innkaupa fyrir stjórnendur sem muni gera ráðuneytum kleift að rýna innkaup sín og undirstofnana. Í aðgerða-áætlun úr innkaupastefnu ríkisins kemur fram að leggja eigi áherslu á greiningar innkaupa-gagna og settu stjórnvöld haustið 2024 á fót átakshóp um aðhald í innkaupum stofnana. Í svari ráðuneytisins segir jafnframt:

„Átakshópurinn mun vinna með og miðla niðurstöðum greininga til viðkomandi fagráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis og aðstoða aðila við að móta viðeigandi aðgerðir eins og sameiginleg innkaup, sértæk útboð eða endurskipulagningu þjónustufyrirkomulags ásamt því að stuðla að auknu gagnsæi. Með þessari vinnu fá ráðuneytin greiningartól sem mun gefa ráðuneytunum grunn að byggja á til umræðna við stofnanir og til þess að fylgja málum eftir.“

Í svari ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar kom fram að þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra boðaði í júní 2024 forstöðumenn stofnana ríkisins á fund þar sem áskoranir í ríkisfjármálum voru m.a. á dagskrá. Í framhaldi af þeim fundi sendi ráðuneytið undirstofnunum sínum áminningarpóst þar sem þær voru hvattar til að rýna reglulega reikninga, yfirfara og endurskoða samninga til hagræðingar og láta reyna á samkeppni í innkaupum. Einnig hafi m.a. verið bent á ýmsar upplýsingar um rammisamninga, viðmiðunarfjárhæðir og útboðsskyldu.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að matvælaráðherra bar samkvæmt 20. gr. laga um opinber fjármál að setja stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á sem innihéldi m.a. áherslur við innkaup. Ljóst er að slík stefna og innkaupastefna ríkisins voru ekki hluti af reglulegum samskiptum ráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar árin 2019–2023, t.d. við árangursmat. Ríkisendurskoðun telur þetta óásættanlegt þegar hugað er að fjárhagslegu umfangi innkaupanna, kröfum um eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnana og markmiðum gildandi laga og innkaupastefnu ríkisins.

2.4 Innra eftirlit og innri endurskoðun

Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfsemi sé náð og lögum og reglum sé fylgt, samnanber 65. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar ber formlega ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits stofnunarinnar.

Samkvæmt Hafrannsóknastofnun hefur stofnunin á undanförunum árum gripið til ýmissa eftirlitsaðgerða til að bregðast við margvíslegum hættutílvikum. Fyrst ber að nefna að í svari stofnunarinnar er framkvæmd eftirlitsins lýst er varðar hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna og að markmiðum starfseminnar sé náð. Þar er um að ræða þætti innra eftirlitsins sem eru utan umfjöllunarefnis þessarar úttektar.

Varðandi áreiðanleika upplýsinga hefur stofnunin að eigin sögn ráðist í viðamikla innleiðingu eftirlitsaðgerða í kjölfar úttekta á upplýsingatækni stofnunarinnar árið 2022 (sjá nánari umfjöllun í kafla 3). Þar hafi m.a. verið bent á ýmsa vankanta er varða áreiðanleika rannsóknargagna stofnunarinnar. Varðandi eftirlit með fylgni við lög og reglur fullyrðir stofnunin að hún leggi mikla áherslu á að fylgja lögum og reglum og sinna lögbundnu hlutverki sínu. Lögð hafi verið sérstök áhersla á að fylgja lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup. Ríkisendurskoðun bendir á að sú áhersla stofnunarinnar er nýttkomin.

Í svörum stofnunarinnar kom fram að innra eftirlit sé skjalfest að hluta. Formlegt áhættumat, sem felur í sér greiningu og mat á þeim þáttum sem komið geta í veg fyrir að markmiðum starfseminnar verði náð, hefur ekki verið framkvæmt fyrir stofnunina, verkefni eða einstaka ferla.

Innri endurskoðun, samnanber kröfur 2. mgr. 65. gr. laga um opinber fjármál, hefur ekki verið framkvæmd hjá stofnuninni. Innri endurskoðun felur í sér kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna. Reglugerð um innri endurskoðun hefur ekki verið sett og hafa aðilar í A1- og A2-hluta ríkissjóðs almennt haldið að sér höndum varðandi framkvæmdina. Þó má benda á að Vegagerðin, Háskóli Íslands og Landspítali hafa innleitt innri

endurskoðun enda verður það að teljast í samræmi við bæði lög um opinber fjármál og góða og viðurkennda starfshætti. Til skoðunar er að Hafrannsóknastofnun leiti tilboða í innri endurskoðun síðar á árinu 2025.

Hafrannsóknastofnun þarf að halda áfram að styrkja innra eftirlit stofnunarinnar með tilliti til allra meginþátta þess. Mikilvægt er að stofnunin endurmóti og innleiði eftirlitsaðgerðir á grundvelli skjalfests verklags og viðeigandi áhættumats með hliðsjón af stefnu þar um. Þá er mikilvægt að tryggja viðeigandi formfestu, skýrslugerð og upplýsingagjöf ásamt því að innleiða reglulegar prófanir á virkni eftirlitsaðgerða. Þá þarf stofnunin að innleiða innri endurskoðun í samræmi við alþjóðlega staðla sem tryggir með viðunandi hætti að reglulega sé lagt mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna stofnunarinnar.

3 Upplýsingatækni og útvistun verkefna

Hafrannsóknastofnun fól endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækinu KPMG í júní 2022 að vinna stöðumat á upplýsingatækni stofnunarinnar og þróun stafrænna lausna. Tilefnið var að nýr yfirmaður málaflokksins taldi tölvu- og hugbúnaðarkerfi stofnunarinnar vera þunglamaleg og tækniþjónustu óskilvirka. Tveir starfsmenn, kerfisstjóri og starfsmaður í tölvuþjónustu, sinntu þá verkefnum stofnunarinnar í upplýsingatækni.

Úttekt ráðgjafarsviðs KPMG lauk í september 2022 og var niðurstaðan sú að rekstur upplýsingatækni Hafrannsóknastofnunar væri í sæmilegu horfi en að víða skorti upp á öryggi og nútímavæðingu kerfa. Stofnunin stæði frammi fyrir svokallaðri tækniskuld, þ.e. að nútímavæða þyrfti tölvu- og hugbúnaðarkerfi, og hún hefði ekki mótað sér heildstæða stefnu í upplýsingatækni. Þá þyrfti að bæta yfirsýn og þekkingu stjórnenda á upplýsingatækni. Fyrirtækið taldi að bæta þyrfti öryggi tölvukerfa stofnunarinnar þrátt fyrir að stofnunin hefði lagt töluverða áherslu á upplýsingaöryggi. Aðferðir í öryggismálum væru úreltar og stofnunin hefði ekki sett sér upplýsingaöryggisstefnu. Uppsetning og þróun vélbúnaðar og hugbúnaðarkerfa hefði markast af hefðum og ákvörðunum einstakra starfsmanna og stofnunin ekki nútímavætt kerfin.

KPMG taldi líklegt að upplýsingatæknideild Hafrannsóknastofnunar væri undirmönnuð í ljósi þess að stofnunin hefði um árabil lagt áherslu á að reka sinn eigin tæknibúnað í stað þess að útvista verkefnum og auka notkun skýjalausna. Lausnir, aðrar en Microsoft 365, væru ekki í notkun að nokkru marki. Í því samhengi má nefna að samkvæmt stefnu fjármála- og efnahagsráðuneytis, [Öryggis- og þjónustustefnu fyrir hýsingarumhverfi – stefnu um notkun skýjalausna \(2022\)](#), er notkun skýjalausna hjá hinu opinbera m.a. ætlað að auka öryggi við varðveislu gagna, bæta þjónustu og stuðla að aukinni nýsköpun.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti gerði árið 2018 heildarsamning við Microsoft um hugbúnaðarleyfi fyrir A-hluta stofnanir íslenska ríkisins. Með gerð heildarsamnings var tekin ákvörðun um að stofnanir ríkisins skyldu skipuleggja og samræma nýtingu á hugbúnaðar- og rekstrarlausnum Microsoft þvert á ríkisreksturinn. Þá var ætlunin að lækka kostnað með sameiginlegum innkaupum, bæta yfirsýn um notkun hugbúnaðar og kostnað vegna hans, minnka rekstraráhættu og auka einsleitni og samrekstur við umsýslu ríkisins á sviði upplýsingatækni. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Samningur ríkisins við Microsoft \(2023\)](#) kom fram að áhættuþáttum fyrir ríkið í heild hafi fækkað og gagnaöryggi og öryggi viðkomandi upplýsingakerfa almennt aukist.

Í fyrrnefndu stöðumati KPMG kom fram að auka mætti notkun Hafrannsóknastofnunar á lausnum Microsoft 365. Notkun á skýjaþjónustum Microsoft 365 væri hafin en þó að takmörkuðu leyti.

Að mati KPMG var einn helsti áhættuþátturinn sá að þekking á upplýsingatækni stofnunarinnar var á höndum eins starfsmanns. Flækjustig aðgangsmála væri þar að auki óþarflega mikið. Fyrirtækið nefndi í stöðumati sínu sem dæmi að starfsfólk gæti ekki valið eða breytt lykilorðum til innskráningar í vinnutölvur og að það hefði ekki aðgang að þráðlausu neti innan veggja stofnunarinnar.

Í október 2022 vann netöryggisfyrirtækið Syndis öryggisgreiningu á upplýsingakerfum Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt niðurstöðum Syndis þurfti stofnunin að ráðast í ýmsar úrbætur og lagði fyrirtækið fram aðgerðalista sem það taldi brýnt að stofnunin lyki fyrir árslok 2022.

Þegar úttektir KPMG og Syndis lágu fyrir taldi Hafrannsóknastofnun ljóst að ráðast þyrfti í umfangsmiklar breytingar í rekstri upplýsingatækni. Í þeim efnum væru tvær leiðir í boði:

1. Að fjölga kerfisstjórum innanhúss með því að ráða a.m.k. annan sérfræðing í kerfisstjórn. Að sögn stofnunarinnar höfðu utanaðkomandi sérfræðingar bent á að ekki væri hægt að ætlast til að einn og sami starfsmaðurinn hefði nauðsynlega þekkingu á öllum sviðum upplýsingatækni.
2. Að útvista allri kerfisstjórn og notendapjónustu til þjónustufyrirtækis á sviði upplýsingatækni. Það var mat stofnunarinnar að með útvistun gæti hún nálgast sérhæfða þjónustu á öllum sviðum og um leið eftl rekstraröryggi.

Hafrannsóknastofnun réðst í einfalt kostnaðarmat á framangreindum leiðum. Samkvæmt því hefði kostnaður við þrjú stöðugildi í upplýsingatækni reynst umtalsvert meiri en við útvistun kerfis- og notendapjónustu samkvæmt fyrirliggjandi tilboði. Þar bar stofnunin saman launa- og kostnað þriggja stöðugilda og kostnað vegna útvistar kerfis- og notendapjónustu (sjá kafla 3.1.1) samkvæmt fyrirliggjandi samningstilboði. Það var mat Hafrannsóknastofnunar við undirritun þjónustusamnings um útvistunina í mars 2023 að hann myndi leysa áskoranir sem stofnunin stóð frammi fyrir á sem hagkvæmastan hátt og fela í sér verulegan sparnað til langs tíma litið.

3.1 Samningur um útvistun

Hafrannsóknastofnun réðst ekki í frekari kostnaðar- eða þarfagreiningar áður en stofnunin undirritaði þjónustusamning við Þekkingu – Tristan hf. um rekstur, þjónustu og ráðgjöf í upplýsingatækni. Samningurinn gildir til 1. mars 2026 og er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara eftir þann tíma. Í mars 2023 var starf kerfisstjóra lagt niður og þar með upplýsingatæknideild stofnunarinnar. Stöðugildi starfsmanns í tölvuþjónustu hafði verið lagt niður um mitt ár 2022 þegar sama fyrirtæki hafði tekið að sér verkefni í notendapjónustu stofnunarinnar. Fyrirtækið sér um verkefnastjórnun og framkvæmd nauðsynlegra úrbóta. Verkefni þess eru annars vegar að bæta öryggi tölvukerfa og hins vegar að efla skilvirkni við rekstur þeirra svo draga megi úr kostnaði til framtíðar.

Hafrannsóknastofnun leitaði hvorki annarra tilboða í rekstur upplýsingatækni né kannaði hvort umræddur samningur sem undirritaður var í mars 2023 væri útboðsskyldur skv. lögum um opinber innkaup.

Samningurinn var útboðsskyldur skv. þágildandi viðmiðunarfjárhæðum. Þar að auki leitaði stofnunin ekki annarra tilboða í rekstur notendapjónustu stofnunarinnar áður en eldra samkomulag náðist við sama fyrirtæki um mitt ár 2022.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun greiddi stofnunin samtals 21 m.kr. á grundvelli samnings um notendapjónustu (sjá nánar kafla 3.1.1) og var því einnig um útboðsskyldt verkefni að ræða miðað við þágildandi viðmiðunar-
fjárhæðir laga um opinber innkaup.

Hafrannsóknastofnun réðst ekki í formlegt áhættumat áður en ráðist var í útvistun upplýsingatækni og útbjó því ekki áætlun um hvernig mæta skyldi áhættum sem fylgdu þeirri leið sem var valin. Það var mat Hafrannsóknastofnunar að umrætt fyrirtæki væri heppilegur þjónustuveitandi þar sem það hafði áður komið að endurskipulagningu upplýsingatækni Fiskistofu, en stofnanirnar tvær ráku sameiginleg tölvukerfi til ársins 2016. Það hefði þar að auki haft góða þekkingu á kerfum Hafrannsóknastofnunar á grundvelli eldri samnings um notendapjónustu. Að sögn stofnunarinnar fengust upplýsingar hjá Fiskistofu um að grettistaki hefði verið lyft í öryggismálum tölvukerfa við útvistun kerfisstjórnunar til fyrirtækisins. Kostnaður við rekstur upplýsingatækni hefði reynst mikill fyrsta árið vegna umfangsmikilla aðgerða en eftir það orðið lægri en fyrir útvistun. Í svari Hafrannsóknastofnunar segir að þegar ofantaldar upplýsingar hafi legið fyrir hafi stofnunin metið sem svo að útvistun væri sú leið sem myndi henta best út frá kröfum um gæði, rekstraröryggi og hagkvæmni.

Í þjónustusamningnum er kveðið á um eftirfarandi þjónustupætti:

Útstöðvapjónustu, notendapjónustu, rekstur netbúnaðar og netþjónarekstur.



Til útstöðva teljast fartölvur og borðtölvur sem keyra stýrikerfin Microsoft Windows, MacOS eða Linux.



Hlutverk notendapjónustu er móttaka og skráning þjónustubeiðna, skjölun innan kerfa þjónustuveitanda, greining vandamála og vinna við úrlausn þeirra ásamt vöktun eftirlitskerfis.



Til netbúnaðar telst kjarnabúnaður (netskiptir og beinir), dreifinetskiptar, eldveggir, beinar og þráðlausir punktar.




Í rekstri netbúnaðar felst annars vegar almennt eftirlit með ástandi búnaðarins og hins vegar rekstrarþjónusta við hann.

Sviðsstjóri fjármála- og upplýsingatækni Hafrannsóknastofnunar ber ábyrgð á rekstri upplýsingatækni og ákvarðanatöku í þeim efnum og tók hann við verkefninu í september 2024 í

tengslum við skipulagsbreytingar. Fyrir þann tíma bar annar sviðsstjóri ábyrgð á málaflokknum. Eftir undirritun þjónustusamningsins í mars 2023 var umræddur sviðsstjóri frá vinnu yfir langt tímabil og var enginn staðgengill fenginn til að sinna verkefnum hans í upplýsingatækni. Stóran hluta af liðnum samningstíma tryggði stofnunin því ekki nægjanlega yfirsýn hennar á stöðu verkefna í upplýsingatækni og viðeigandi þekkingu og kunnáttu til að sinna eftirliti með útvistuninni og að seljandi uppfyllti skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningi. Þó ber að nefna að Ríkisendurskoðun tekur enga afstöðu til þess hvort seljandi hafi uppfyllt skyldur sínar eður ei.

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að árangur hafi náðst við að bæta upplýsingaöryggi, þjónustu við notendur, netkerfi og netþjóna stofnunarinnar. Þegar úttekt Ríkisendurskoðunar stóð yfir átti stofnunin í viðræðum um endurskoðun samningsins eftir að úttekt stjórnenda hennar sumarið 2024 leiddi í ljós að samningsstjórnun af hálfu hennar hefði verið ábótavant. Samningsstjórnun hefði ekki verið sinnt sem skyldi, m.a. hvað varðar skilgreiningu verka, mælingu á umfangi þeirra og kostnaði.



Hafrannsóknastofnun telur að staða upplýsingatækni kerfa hafi verið svo bág fyrir undirritun samningsins að hefði hún verið boðin út árið 2023 hefði samningur byggður á útboði mögulega reynst kostnaðarsamari. Óvissa um umfang og flækjustig verkefna hefði krafist kostnaðarsamrar greiningarvinnu áður en ráðist hefði verið í útboð. Eða þá að bjóðendur hefðu sökum óvissu neyðst til að bjóða „mjög há verð“. Hafrannsóknastofnun telur enga hættu á að hún geti „læsts inni“ í núverandi fyrirkomulagi útvistunar upplýsingatækni þannig að erfitt geti reynst að skipta um viðsemjanda ef þess þarf. Sú staða getur leitt til aukins kostnaðar, dregið úr sveigjanleika og lokað á nýskapandi lausnir frá öðrum fyrirtækjum. Í svari stofnunarinnar segir:

Allt að einu er það mat stjórnenda að sú vinna sem unnin er um þessar mundir muni auðvelda ákvarðanir um fyrirkomulag á rekstri upplýsingatækni í náninni framtíð þar sem staða hennar verður mun þekktari og svo verður óvissa um verkefni minni, óháð því hvort að verkefni verði boðun út eða sinnt af stofnuninni sjálfri til framtíðar.

Ríkisendurskoðun getur tekið undir með Hafrannsóknastofnun um að úttektir KPMG og Syndis hafi falið í sér ákveðna þarfagreiningu varðandi stöðu upplýsingatæknimála. Aftur á móti var ekki ráðist í ítarlega þarfagreiningu þar sem þörfin fyrir innkaupin var metin og stefna var mótuð varðandi innkaup á þeirri þjónustu og vörum sem stofnunin þurfti vegna stöðunnar sem upp var komin áður en samningur var undirritaður í mars 2023. Stofnunin réðst heldur ekki í ítarlega kostnaðargreiningu og hefur sagt að kostnaður vegna breytinganna hafi reynst meiri en vonir stóðu til og að samningsstjórnun af hennar hálfu hafi verið ábótavant. Ríkisendurskoðun bendir á að endanleg ábyrgð á framkvæmd samningsins liggur hjá stofnuninni.

3.1.1 Kostnaður við rekstur upplýsingatækni

Viðbúið var að kostnaður Hafrannsóknastofnunar myndi aukast fyrst um sinn vegna breytinganna og áskorana við að koma stofnuninni út úr áðurnefndri tækniskuld. Stofnunin mat sem svo að fjárfesting í stafrænum innviðum myndi auka kostnað fyrst um sinn en að rekstrar-kostnaður kerfisstjórnunar og notendapjónustu myndi reynast lægri en hann var fyrir undirritun þjónustusamningsins. Samkvæmt samningnum nam heildarkostnaður við rekstur og þjónustu (kerfisstjórn og notendapjónustu) um 1,6 m.kr. á mánuði án virðisaukaskatts fyrstu þrjá mánuði samningstímans. Til samanburðar mat stofnunin svo að launagreiðslur vegna þriggja stöðugilda í upplýsingatækni hefðu numið um 4 m.kr. á mánuði. Rétt er að nefna að stofnunin taldi slíkt fyrirkomulag hafa í för með sér meiri rekstraráhættu í upplýsingatækni en núverandi fyrirkomulag.

Til að bregðast við viðbótarkostnaði sótti stofnunin um og fékk styrk frá matvælaráðuneyti haustið 2023 að fjárhæð 50 m.kr. Í styrkumsókninni kom fram að vinnu yrði úthýst til fyrirtækisins sem myndi sjá um verkefnastjórnun og framkvæmd úrbóta. Verkefnin væru annars vegar að bæta öryggi tölvukerfa og efla skilvirkni við rekstur þeirra til þess að draga úr kostnaði til framtíðar. Búið er að uppfæra netkerfi, hugbúnað, netkerfisþjónustu og notendapjónustu Hafrannsóknastofnunar sem leið til að bregðast við athugasemdum um að efla þyrfti öryggiskröfur í upplýsingatækni.

Í svari Hafrannsóknastofnunar til Ríkisendurskoðunar í júní 2024 kom fram að stofnunin teldi að þegar átaksverkefnum lyki myndi mánaðarlegur kostnaður vegna reksturs upplýsingatækni nema um 1,6 m.kr. án virðisaukaskatts. Í svari stofnunarinnar í september 2024 kom fram að fastur mánaðarlegur kostnaður næmi rétt um 2 m.kr. án virðisaukaskatts. Hækkunin væri vegna þess að fyrstu þrjá mánuði af gildistíma samningsins greiddi stofnunin fyrir að hámarki 30 netþjóna en eftir það samkvæmt sjálfvirkri talningu. Netþjónarnir voru í september 2024 um 58 talsins.

Í þjónustusamningnum kemur fram að öll aukaverk sem unnin eru í þágu stofnunarinnar að hennar ósk, og ekki er kveðið á um sérstaklega í samningnum, greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins. Í svari stofnunarinnar í september 2024 kom fram að hún hefði óskað eftir aukinni viðveru sérfræðinga sem stofnunin mat að hefði fram að þeim tíma aukið kostnað um 3 m.kr.

til viðbótar. Auk þess var samið um tímabundið aukna viðveru þeirra í notendapjónustu. Fastur mánaðarlegur kostnaður vegna samningsins og breytinga sem gerðar voru á einingafjölda þjónustu vegna reksturs netþjóna, notendapjónustu og viðveru stóð þá í 2,4 m.kr. án virðisaukaskatts. Fastur kostnaður frá 1. mars 2023 til 1. september 2024 nam 40,8 m.kr. án virðisaukaskatts.

Heildargreiðslur Hafrannsóknastofnunar til fyrirtækisins á umræddu tímabili námu 109,7 m.kr. án virðisaukaskatts. Það er 68,9 m.kr. meira en sem nemur kostnaði kerfis- og notendapjónustu á tímabilinu. Þar af nam kostnaður vegna vélbúnaðarkaupa og rekstrarvara í upplýsingatækni 21,8 m.kr. Ýmis leyfagjöld námu 2,1 m.kr.



Kostnaður vegna vinnu umfram fastar greiðslur á samningstímabilinu vegna kerfis- og notendapjónustu námu því um 45 m.kr. eða að meðaltali 2,5 m.kr. á mánuði. Ef miðað er við þann fasta mánaðarlega kostnað sem stofnunin áætlaði við upphaf samningstímans að myndi fylgja breytingunum, þ.e. um 1,6 m.kr. án virðisaukaskatts, nemur kostnaður umfram hann 51,2 m.kr. Stofnunin greiddi fyrirtækinu að auki líkt og komið hefur fram til viðbótar 21 m.kr. vegna verkefna í notendapjónustu sem unnin voru áður en umræddur þjónustusamningur tók gildi í mars 2023.

Heildarkostnað Hafrannsóknastofnunar vegna reksturs upplýsingatækni árin 2019–2023 á verðlagi ársins 2024 má sjá í töflu 3.1. Kostnaður hækkaði um 60,5 m.kr. milli árána 2022 og 2023, eftir að hafa verið nokkuð áþekkur árin 2019–2022. Launakostnaður lækkaði sökum þess að stöðugildi starfsmanns í notendapjónustu var líkt og áður segir lagt niður um mitt ár 2022. Launakostnaður ársins 2023 helgast af biðlaunum kerfisstjóra sem var á launaskrá til apríl 2024. Milli árána 2021 og 2022 hækkaði kostnaður m.a. vegna ráðgjafarþjónustu KPMG (5,6 m.kr. með vsk.) og Þekkingar – Tristan hf. (11,6 m.kr. með vsk.). Kostnaðarliðurinn „Önnur sérfræðipjónusta“ hækkaði um tæpar 70 m.kr. milli árána 2022 og 2023 og nam seinna árið 98,6 m.kr. með virðisaukaskatti. Þar af nam kostnaður sem rekja má til úrbótavinnu, viðveru og annarrar sérfræðipjónustu 55,4 m.kr. með virðisaukaskatti.

Tafla 3.1 Kostnaður vegna reksturs upplýsingatæknikerfa 2019–2023*

| Kostnaðartegund | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| 52880 Auka- og varahlutir fyrir tölvur | 11.740.573 | 3.222.637 | 6.534.868 | 16.906.632 | 16.326.369 |
| 52590 Önnur tæki og áhöld | 11.613.047 | 11.300.258 | 25.458.346 | 11.478.819 | 10.488.710 |
| 52600 Varahlutir vegna tækja og áhalda | - | 9.777 | - | - | 115.134 |
| 54490 Önnur sérfræðipjónusta | 18.304.834 | 14.087.687 | 23.791.617 | 29.554.882 | 98.575.861 |
| 54500 Rekstrarsamningar, sérfræðipjónusta | 5.438.557 | 2.805.864 | 1.826.632 | 6.987.934 | 12.331.553 |
| 54520 Hugbúnaðargerð | 505.092 | 155.858 | - | - | 7.026 |
| 54521 Hugbúnaðargerð án VSK | - | - | - | - | 402.264 |
| 55150 Afnotagjöld af skráð & tölvupóstþjónustu | 12.462.511 | 12.353.302 | 14.096.041 | 13.409.014 | 14.467.093 |
| 55168 Hýsing | 238.090 | 85.866 | - | - | - |
| 55170 Hugbúnaður | 44.659.898 | 52.817.445 | 48.164.173 | 44.861.597 | 51.793.746 |
| Rekstrargjöld alls | 104.962.600 | 96.838.694 | 119.871.677 | 123.198.878 | 204.507.756 |
| Endurgreiddur VSK | -3.774.716 | -3.466.116 | -4.613.536 | -5.992.139 | -21.103.209 |
| Launakostnaður alls | 55.972.049 | 42.293.986 | 32.747.062 | 26.454.927 | 20.741.297 |
| Kostnaður alls | 157.159.933 | 135.666.564 | 148.005.203 | 143.661.666 | 204.145.844 |
| Fjárveiting vegna tækniskuldar | 0 | 0 | 0 | 25.000.000 | 25.000.000 |
| Alls | 157.159.933 | 135.666.564 | 148.005.203 | 118.661.666 | 179.145.844 |


* Kostnaður á verðlagi ársins 2024

Heimild: Hafrannsóknastofnun

3.2 Stafrænum umbótum seinkar

Hafrannsóknastofnun réðst í stefnumótunarvinnu í upplýsingatækni árið 2023 og lauk henni með setningu stafrænnar stefnu fyrir árin 2023–2025. Stefnumótunin byggði m.a. á úttektum KPMG og Syndis en í þeirri fyrrnefndu var bent á að stofnunin hefði ekki sett sér stafræna stefnu. Í stefnunni eru lagðar fram fjórar lykilvörður sem innihalda alls 31 aðgerð (sjá mynd 3.1), m.a. markmið um mótun gagnastefnu og að koma rannsóknargögnum fyrir í skýjaumhverfi.

Mynd 3.1 Lykilvörður og aðgerðir stafrænnar stefnu Hafrannsóknastofnunar



Í stafrænu stefnunni segir að hún stuðli að því að efla tæknilega þekkingu innan Hafrannsóknastofnunar með reglulegri notendafræðslu. Samkvæmt stofnuninni hefur þekking stjórnenda á upplýsingatækni verið aukin eftir að stefnan var sett. Til standi að auka þekkingu starfsmanna í verkefnum á borð við upplýsingaöryggi og uppbyggingu gagnagrunna. Stofnunin telur þó að innan hennar sé ekki enn nægjanleg yfirsýn og þekking á lykilverkefnum í upplýsingatækni. Verið sé að byggja upp þekkingu og mannafla á því sviði. Enn sé þekkingargat á Microsoft-umhverfinu og nýjum skjjalausnum. Útvistun kerfisstjórnar sé þó ætlað að loka því gati. Ríkisendurskoðun ítrekar mikilvægi þess að stofnunin búi yfir nægri þekkingu og yfirsýn til að geta viðhaft virkt eftirlit með útvistun verkefna í upplýsingatækni.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir yfirliti frá Hafrannsóknastofnun um stöðu og áætluð verklok aðgerðanna sem nefnd eru í stefnunni. Stofnunin getur ekki veitt þær upplýsingar en segir að verkefnið í heild sé á eftir áætlun. Það stafi aðallega af því að tveir af fimm starfsmönnum stofnunarinnar, sem ætlað var að leiða aðgerðirnar, hafi hætt störfum á árinu 2024. Verkefnið hafi í september sama ár verið fært yfir á annað svið og nýr verkefnisstjóri ráðinn. Í undirbúningi sé ný áætlun sem taki til sömu aðgerða og nefndar eru í stefnunni. Eitt af fyrstu verkefnum nýrra forráðamanna verði að endurskoða stefnuna, markmið hennar og verkefni.

Í fyrrnefndri styrkumsókn Hafrannsóknastofnunar til matvælaráðuneytis segir að tækniskuld stofnunarinnar sé risavaxið verkefni. Um sé að ræða 20 ára uppsafnaðan tæknivanda. Eðli málsins samkvæmt sé vandasamt að byggja upp nýja kerfisinnviði, sem fjölmörg kerfi styðjist við, og verði það ekki gert nema með tilfæringum sem tengjast öðrum kerfum og lausnum. Stofnunin sótti um styrkinn til að vinna á tækniskuld vegna verkefna sem snúa að öryggismálum, kerfisinnviðum og útstöðvum. Þar er að hluta til um að ræða sömu verkefni og fjallað er um í stafrænni stefnu stofnunarinnar.

Átaksverkefninu í umsókn Hafrannsóknastofnunar er skipt upp í tvo verkþætti. Í þeim fyrri er um að ræða átta meginverkefni tengd öryggisúrbótum og nútímavæðingu reksturs tölvukerfa. Í janúar 2025 var þónokkrum verkefnum lokið en önnur voru enn í vinnslu. Í verkþætti II er litið sérstaklega til rekstrarumhverfis og innviða sem snúa að endurhönnun og uppbyggingu hugbúnaðar og gagnavistunar. Því verkefni var ólokið í janúar 2025.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartún 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími 448-8800 | postur@rikisendurskodun.is | www.rikisendurskodun.is